

Sveitarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu mið af umfangi, starfsemi og sorpgerð svo sem kostur er. Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá.

## 3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við flokkun sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til athugasemda.

## 4. gr.

Gjöld sem lögð eru á samkvæmt gjaldskrá þessari hafa lögveðsrétt í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyrarsveitar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 24. mars 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, sbr. breytingar nr. 576/1997 og 705/1998.**

## 1. gr.

Í stað orðanna „viðauka 5“ í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar komi: viðauka 6.

## 2. gr.

Í stað orðanna „VIÐAUKI 5 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli“ kemur: VIÐAUKI 6 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*